

16. júní 2021.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála,  
Borgartúni 21, Höfðaborg,  
105 Reykjavík.

**Kæra vegna gjaldskrár fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggð.**

Í framhaldi af úrskurði Úrskurðarnefndarinnar í fyrri kæru minni frá 25. maí 2021 ákvað Dalabyggð að leggja gjaldið á aftur í óbreyttri mynd, sjá meðfylgjandi bréf og álagningarseðil frá Dalabyggð dags. 11. júní 2021.

Ég vil því ítreka kæru mína byggða á því að gjaldskráin mismuni búfjáreigendum gróflega og að jafnræðisregla sé brotin.

Til dæmis greiðir búfjáreigandi með 81 kind eða ígildi þeirra kr. 67100 á ári eða kr. 828,4 á hvern grip. Búfjáreigandi með 400 kindur eða ígildi þeirra greiðir kr. 167,75 á hvern grip, kr. 67100 á ári. Báðir þessir búfjáreigendur lenda í hæsta gjaldflokk.

Benda má á að þar sem kostnaði er dreift á búfjáreigendur eftir fjölda svo sem við fjallskil greiða allir búfjáreigendur jafnt á hvern grip óháð því hvort um fáa gripi eða marga er að ræða. Sama upphæð á hvern haus.

Ég óska eftir að Úrskurðarnefndin taki afstöðu til þess hvort slík brot á jafnræði gagnvart íbúum Dalabyggðar eins og dæmið að framan sýnir standist lög.

Ég vil að endingu ítreka þá kröfu mína að gjald þetta verði lagt á eftir tölu búfjár hjá hverjum og einum búfjáreiganda ( eins og segir í 2. grein gjaldskrárinnar) enda er það sanngjarnast fyrir alla aðila, þ.e. sama gjald á hvern grip óháð fjölda búfjár hjá hverjum búfjáreiganda.

Virðingarfyllst,

Astvaldur Elísson

Ástvaldur Elísson.